



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 111. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

föstudaginn 13. september 2013 kl. 15:00 í húsakynnum Landsvirkjunar.

Mætt: Bjarni Pálsson formaður, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Hildigunnur Thorsteinsson, Kristín Vala Matthíasdóttir og Magnús Ólafsson.

Boðuð forföll: Magnús Þór Jónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Val styrkþega

Líkt og undanfarin ár styrkir JHFÍ íslenskan doktorsnema í jarðhitatengdu námi til að sækja fjölþjóðlega jarðhitaráðstefnu, að þessu sinni um allt að kr. 300 þúsund. Tvær sterkar umsóknir bárust að þessu sinni. Niðurstaða stjórnarinnar var sú að styrkinn hlyti Thecla Munanie Mutia, sem leggur stund á doktorsnám í umhverfisfræði við Háskóla Íslands, til að sækja jarðhitaráðstefnu Geothermal Research Council í Nevada í lok september 2013, þar sem hún mun m.a. kynna doktorsverkefni sitt. Að þessu sinni auglýsti félagið jafnframt tvo styrki til meistaranema í jarðhitatengdum fræðum, til að sækja fjölþjóðlega ráðstefnu, en engar umsóknir bárust um þá styrki.

3. Undirbúningur haustfundar

Rætt um þemað *Einföldun regluverks*, í ljósi yfirlýsinga nýrrar ríkisstjórnar um áhuga til slíkra verka. Rætt var um samstarf við ýmsa aðila og um möguleg erindi, en nánar verður fjallað um dagskrána á næsta fundi. Stefnt á að fundurinn verði haldinn mánudaginn 25. nóvember kl. 14:00.

4. Nýir félagsmenn

Fjórir nýir félagsmenn samþykktir í félagið:

- Davíð Stefánsson, ráðgjafi
- Sigurjón N. Kjærnested, Samorku
- Stefán H. Steindórsson, Norðurorku
- Thecla Munanie Mutia, doktorsnemi við HÍ

5. Önnur mál

Engin önnur mál. Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 14. október kl. 15:00, í húsakynnum Samorku.

Fundi slitið kl. 16:30. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
